



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni og Hallgerðargötu

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

- 1 Greinargerð leikskólastjóra. 3
- 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025. 4
- 3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026. 5
- 4 Innra mat deilda 2024-2025 . 6
- 5 Umbótaáætlun 2024-2025 7
- 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans. 8
- 7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans. 8
- 8 Foreldrasamvinna. 8
- 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 8
- 10 Fylgiskjöl 8

1. Leiðarljós leikskólans

Umhyggja - gleði - vinátta

1 Greinargerð leikskólastjóra

Nú eru starfsárin orðin þrjú og áfram höldum við.

Verkefni síðasta starfsárs voru fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg. Margir þættir sem þarf að hlúa að og sumt fékk meiri athygli en annað. Við rákum tvo starfsstaði með öllu sem því viðkemur og fundum að það getur verið snúið suma daga en ljúft aðra.

Skólaárið byrjaði á hefðbundin hátt, með móttöku nýrra og eldri starfsmanna og barna sem voru að koma úr orlofi. Aðlögun nýrra barna hófst í lok ágúst og var fram í lok október. Við höfum einblínt á rólega og þægilega aðlögun, sem þýðir að stundum líður lengra á milli móttöku nýrra barna og stundum styttra.


Leikskólinn er 6 deilda og með sama aldur, 12 mánaða til þriggja ára. Unnið hefur verið að sömu markmiðum í báðum húsum. Eitt af þremur markmiðum síðasta skólaárs var leikurinn og lögð var áhersla á að leikföngin séu sýnileg og að starfsfólkið átti sig á hlutverki sínu í leik með börnum. Við ætlum að halda áfram með þá vinnu og einbeita okkur að starfsfólkinu og mikilvægi aðkomu þeirra í leik barna, sem helstu námsleið. Vinna að hvíldarstefnu skólans hefur því miður ekki fengið það pláss sem við höfum viljað og verður það sett í forgang að klára hana á þessu skólaári. Að síðustu munum við leggja áherslu á að byggja ofan á málumhverfi barnsins. En á árinu fóru allir starfsmenn á námskeið í námsefninu Lubbi finnur málbein og er það einn liður í því að efla málumhverfi og starfsfólkið í því að vinna að málörvun dags daglega.

Meðfram starfinu verður sérstök áhersla lögð á að vinna að skólanámskrá leikskólans. Sú vinna hófst á síðasta ári. Nú þegar erum við að vinna með læsi, sköpun og leikinn sérstaklega, en í starfinu er þó einnig lögð áhersla á sjálfsefningu, félagsfærni og heilbrigði. Allt fléttast þetta saman og styður við hvert annað.

Frá upphafi höfum við i tekið þátt í þróunarverkefninu “réttindi barna á Íslandi” sem er samstarfsverkefni 5 leikskóla, Unicef og Háskóla Íslands ásamt Kristínu Hildi Ólafsdóttur leikskólaráðgjafa á skrifstofu skóla og frístundasviðs. Síðastliðin ár höfum við unnið með hvíld og rétt barnsins til hvíldar, ásamt því að efla sjálfstraust þeirra í vali og skoðunum tengt þeim sjálfum. Í júní á síðasta ári fengum við svo afhenda viðurkenningu sem réttindaskóli Unicef og erum við fyrsti Ungbarnaleikskólinn í heiminum sem hlýtur þessa viðurkenningu. Í vetur munum við setja okkur ný markmið í vinnu með barnasáttmálann.

Í allri gleðinni ákváðum við að taka þátt í barnamenningarhátíð og var yfirskriftin Út að leika. Við unnum út frá bókinni Tjörnin eftir Rán Flygering, og sýndum afrakstur allra barnanna í sameiginlegri sýningu í Grasagarðinum. Þetta var skemmtilegt verkefni sem var unnið yfir lengri tíma og stefnum við á að taka þátt í Barnamenningarhátíðinni á þessu starfsári.

Við erum þakklát fyrir gott starfsár og hlökkum til nýrra verkefna á komandi starfsári.




2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Skólanámsskrá
Hvernig fór matið fram?	Skipulagsdögum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats	Styrkleikar: erum byrjuð að vinna að skólanámsskrá. Tækifæri til umbóta: Þarf að setja niður fasta tímasetningar hvenær viss atriði eigi að klárast

Hvað var metið?	Menntastefna/læsisteymi
Hvernig fór matið fram?	Stjórnendafundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi
Helstu niðurstöður mats	Styrkleikar: erum að vinna með læsi markvisst á deildum Tækifæri til umbóta: stofna læsisteymi í bæði hús

Starfsfólk tók þátt í starfsmannakönnun, Stofnun ársins. Heildarþátttaka var ívið betri en síðast.




Hvað var metið?	Starfsmannakönnun
Hvernig fór matið fram?	Spurningalisti
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Helstu styrkleikar eru að könnunin kom almennt vel út í heildina. Tækifæri til umbóta eru að alltaf má gera betur og verður lögð áhersla á starfsanda og upplýsingagjöf.

Ytra mat.

Foreldrakönnun var gerð í apríl á þessu ári. Niðurstöður voru ánægjulegar fyrir okkur starfsfólkið.

Um 85,4% svarhlutfall var eða 41 foreldrar af 48 svöruðu könnuninni í Bríetartúni.



Um 92,5% svarhlutfall var eða 37 foreldrar af 40 svöruðu könnuninni í Hallgerðargötu.



Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun á vegum SFS á viðhorfum foreldra
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar
Helstu niðurstöður mats	Á heildina kom könnunin vel út. Tækifæri til umbóta er að bæta upplýsingagjöf til foreldra


3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Skólanámskrá
Umbótapáttur/matspáttur	Skólanámskrágerð
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Klára skólanámskrá
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fastir fundir og skipulagsdagur
Ábyrgð	Leikskólastjóri / verkefnastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	hafið - vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skipulagsdagur og stjórnendafundir verða nýttir. Matsfundir settir fastir yfir veturinn og þá metið hvernig gengur.
Viðmið um árangur-	Fullgerð námskrá

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat		Samskiptastefna
Umbótapáttur/matspáttur		Að klára samskiptasáttmála
Tækifæri til umbóta		Hafa viðmið um góð samskipti alla daga
Aðgerðir til umbóta		Gera samskiptasáttmála og nýta hann
Ábyrgð		leikskólastjóri / aðstoðarleikskólastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?		Hafið – janúar 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið		Skipulagsdagur í samvinnuverkefni. Umræður og könnun á deildarfundum. Fyrirlestur
Viðmið um árangur-		Viðmiðið er að sáttmálinn sé nýttur



Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat		Menntastefna/læsissteymi
Umbótapáttur/matspáttur		Læsissteymi
Tækifæri til umbóta		Læsissteymi í báðum húsum
Aðgerðir til umbóta		Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjórar
Ábyrgð		Aðstoðarleikskólastjóri / sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?		Hafið - janúar 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið		Deildarstjóra- og læsissteymis fundir
Viðmið um árangur		Að læsissteymin séu virk



4 Innra mat deilda 2024-2025

Leikskólinn er á tveimur starfsstöðvum sem skiptast í sex deildir. Í Bríetartúni eru fjórar deildir, Birkitún, Drobotún, Fjólutún og Mosatún og eru 15 börn á hverri deild. Í Hallgerðargötu eru tvær deildir með 27 börn á hvorri deild. Bæði húsin hafa börn á aldrinum 1-3 ára.

Unnið er að sömu markmiðum í báðum húsum.

Við teljum markmiðin henta vel aldri og þroska barnanna og var tekin sú ákvörðun að halda áfram með þau næsta skólaár.

Markmið sem unnið var að skólaárið 2024-2025 voru:

1. Leikurinn: Að börnin læri að umgangast og nota margvísleg leikefni í samstarfi við aðra.
2. Hvíld: Að börnin fái að hvíla sig í ró og næði og sofa eins og þau þurfa.
3. Málörvun: Að starfsfólk sé meðvitað um að veita börnum gott íslenskt málumhverfi í öllu starfi.

Endurmat:

Leikurinn – Að börnin læri að umgangast og nota margvísleg leikefni í samstarfi við aðra

Áhersla var lögð á að tryggja börnum gott aðgengi að fjölbreyttu leikefni. Leikefnið var geymt í glærum, merktum skúffum í hæð barna sem gerði þeim kleift að velja sjálf og ganga frá að leik loknum.

Hvíld – Að börnin fái að hvíla sig í ró og næði og sofa eins og þau þurfa

Virðing fyrir rétti barna til hvíldar var höfð að leiðarljósi, í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Öll börn fengu tækifæri til að fara inn í rólegt hvíldarrými, leggja sig eða slaka á með rólegri tónlist eða sögum. Skapað var umhverfi sem stuðlaði að vellíðan og næði, og starfsfólk fylgdist með þörfum hvers barns.

Málörvun – Að starfsfólk sé meðvitað um að veita börnum gott íslenskt málumhverfi í öllu starfi

Daglegt starf lagði grunn að ríkulegu íslensku málumhverfi. Samtal, lestur og söngur voru nýtt markvisst, og starfsfólk fékk fræðslu um námsefnið *Lubbi finnur málbein*, sem eflir málvitund barna. Myndir og tákn á veggjum hvöttu til tjáningar, og kennarar beittu fjölbreyttum aðferðum til að styrkja orðaforða og skilning barna í leik og daglegum samskiptum.

5 Umbótaáætlun 2025-2026

Árlega verður mikil endurnýjun í barnahópnum og vegna ungs aldurs barnanna teljum við mikilvægt að vinna stöðugt með þessa þætti.

1. Leikurinn: Að auka meðvitund starfsfólks um leikinn sem helstu námsleið barna og hvernig hann tengir saman alla námsþætti.
2. Hvíld: Að börn fái að hvíla sig í ró og næði og sofa eins og þau þurfa.
3. Málörvun: Starfsfólk sé meðvitað um að veita börnum gott íslenskt málumhverfi í öllu starfi.

1. Leikur og leikefni

Að auka meðvitund starfsfólks um leikinn sem helstu námsleið barna og hvernig hann tengir saman alla námsþætti.

Leikur er grundvallarþáttur í námi og þroska ungra barna. Í gegnum leik kanna þau heiminn, efla félags- og samskiptahæfni, æfa hreyfifærni, styrkja mál- og hugræna færni og þróa skapandi hugsun. Leikurinn gefur börnum tækifæri til að vinna úr reynslu sinni, tjá tilfinningar og prófa nýjar hugmyndir í öruggu umhverfi. Kennarar eru lykilpersónur í kennslu í gegnum leikinn, þar sem þeir skapa örvandi umhverfi, styðja við frumkvæði barna og leiðbeina þeim í leik með markvissum hætti.

Til að styðja leik sem námsleið er mikilvægt að skapa aðlaðandi umhverfi þar sem fjölbreyttur efniviður er aðgengilegur börnum, merktur myndum og bókstöfum til að efla læsi og sjálfstæði. Starfsfólk á að vera meðvitað um hlutverk sitt, hvort sem það

er að taka virkan þátt eða vera til staðar fyrir börnin eftir þörfum, svo leikurinn nýtist sem árangursrík leið til náms og þroska.

Styrkleikar: Börnin hafa frjálstan aðgang að efniviðnum sem er sýnilegur og aðgengilegur.

Tækifæri til umbóta: Að starfsfólk átti sig á mikilvægi hlutverks síns í leiknum og sé meðvitað um hvernig það getur best stutt börnin í leik. Bjóða upp á fræðslu um leikinn sem námsleið

Deild/aldur barna	
Umbótapáttur/matspáttur	Leikurinn
Tækifæri til umbóta	Að starfsfólk fái fræðslu um mikilvægi leiksins og hvert hlutverk kennara er í leik yngstu barnanna.
Aðgerðir til umbóta	Fræðsla um leikinn sem námsleið. Hafa fjölbreytt leikefni í boði. Börnin fái tækifæri til að prófa sig áfram með ólíkan efnivið og kanna möguleika hans
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Markmiðið hófst haustið 2024 og sjáum við fyrir okkur að það verði alltaf opið þar sem við fáum nýjan hóp hvern vetur.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræður á deildarfundum og skráningar

2. Hvíld

Að börn fái að hvíla sig í ró og næði og sofa eins og þau þurfa.

Við erum Réttindaskóli Barnasáttmálans og vinnum í anda hans bæði í Bríetartúni og á Hallgerðargötu. Samkvæmt Barnasáttmálanum eiga öll börn rétt á hvíld og

tækifæri til að þroskast. Hvíld í leikskóla er því mikilvæg fyrir öll börn, sérstaklega á leikskólaaldri.

Við erum með hvíldarstefnu í vinnslu sem verður kynnt foreldrum þegar hún er tilbúin. Með henni viljum við skapa vettvang fyrir samtal við foreldra um hvíld og svefn barna. Þó að svefnþörf barna minnki með aldrinum teljum við mikilvægt að stytta hvíld ekki of mikið, heldur ræða saman hvað er barninu fyrir bestu.

Í Bríetartúni og á Hallgerðargötu fara öll börn inn í hvíld. Hvert barn hefur sína eigin dýnu og teppi og skapað er rólegt andrúmsloft með tónlist eða sögum. Þannig njóta börnin næðis og slökunar, hvort sem þau sofna eða ekki.

Styrkleikar: Réttur barna til hvíldar er virtur og öll börn fá rými til að hvíla sig.

Tækifæri til umbóta: Klára og innleiða hvíldarstefnu skólans, efla samstarf og samtal við foreldra um hvíld barna

Deild/aldur barna	
Umbótapáttur/matspáttur	Hvíld
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin fái að hvíla sig í ró og næði eins og þau þurfa.
Aðgerðir til umbóta	Klára að gera hvíldarstefnuna. Upplýsa og eiga samtal við foreldra um svefn barnanna. Skapa rólegt og notalegt umhverfi þar sem börnin hvílast.
Ábyrgð	Að búa til hvíldarstefnuna er á ábyrgð stjórnenda. Að henni sé fylgt er á ábyrgð alls starfsfólks í samvinnu við foreldra.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræður á deildarfundum, samtöl við foreldra, skráningar í Völu.

3. Málörvun

Að starfsfólk sé meðvitað um að veita börnum gott íslenskt málumhverfi í öllu starfi.

Mikilvægt er að börn alist upp í góðu íslensku málumhverfi til að styðja við málþroska þeirra. Í leikskólanum fer málörvun fram í öllu starfi þar sem samtal, söngur og lestur eru órjúfanlegur hluti dagsins. Sjónrænar myndir og tákn á veggjum styðja við tjáningu og hvetja til samtals. Einnig er unnið með námsefnið *Lubbi finnur málbein*, sem styður við málvitund barna og er nytsamlegt tæki fyrir starfsfólk í kennslunni.

Til að tryggja markvissa málörvun er nauðsynlegt að starfsfólk fái fræðslu og leiðbeiningar um aðferðir og tileinki sér starfshætti sem efla mál barna í daglegum samskiptum.

Styrkleikar: Öll börn leikskólans eru á svipuðu stigi máltöku vegna ungs aldurs, sem skapar sameiginlegan grunn.

Lögð hefur verið áhersla á að ráða starfsfólk með gott vald á íslensku máli.

Kennarar hafa aðgang að námsefninu *Lubbi finnur málbein*, sem styður markvisst við málörvun.

Tækifæri til umbóta: Auka meðvitund meðal alls starfsfólks um að málörvun eigi sér stað í öllu starfi leikskólans.

Undirstrika ábyrgð hvers og eins á því að skapa börnum gott og örvandi málumhverfi.

Þróa hvernig hægt sé að aðlaga námsefnið *Lubbi finnur málbein* að aldri barnanna

Deild/aldur barna	
Umbótapáttur/matspáttur	Málörvun
Tækifæri til umbóta	Að börnin séu í góðu íslensku málumhverfi í öllu starfi leikskólans.
Aðgerðir til umbóta	Að starfsfólk sé meðvitað um að málörvun eigi sér stað í öllu starfi leikskólans og sé ábyrgð þeirra að veita börnunum gott málumhverfi og að þau séu fyrirmyndir.

Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 - vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræður á deildarfundum og spurningalisti um endurmat á starfi leikskólans.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl voru tekin á síðasta starfsári. Markmiðið með þróunarsamtölum er að starfsmenn setji sér markmið fyrir það sem koma skal. Einnig hvernig þeim líður í starfi, hvernig þeir upplifa starfsandann, starfsaðstöðu og samskipti við aðra.

Starfsfólkið fékk margvíslega fræðslu yfir veturinn og höfum við lagt áherslu á að hafa hana í samræmi við þá starfsemi sem fram fer innan skólans þann veturinn.

Fyrsti skipulagsdagur fór í vinnu við skólanámskrá. Kristín Hildur kom og var með vinnustofur og fyrirlestur í kringum skólanámskrárgerð. Við fengum fyrirlestur frá ofnæmisfélaginu. Einnig fengum við námskeið í námsefninu, Lubbi finnur málbein.

Skipulags dagar voru sex. Tveir á haustönn og fjórir á vorönn:

6. september skólanámskrárgerð og unnum að hópefli innan vinnustaðarins.

15. nóvember astma og ofnæmisfélagið með fyrirlestur - hópefli

13. janúar Skólanámskrár vinna og endurmat á haustönn

6. febrúar námskeiðsdagur – óveður og öllu aflýst

31. mars Lubbi finnur málbein námskeið fyrir starfsfólk leikskólans um notkun námsefnisins

16. maí starfsáætlun – leiðsögn um listasafn Reykjavíkur

Í apríl og maí tók starfsfólk skólans rafrænt námskeið frá Barna-og fjölskyldustofu um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna- og unglinga á aldrinum 2 til 6 ára. Markmið með námskeiðinu er að efla forvarnir meðal barna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og að starfsfólk skóla þekki helstu birtingarmyndir þess.

Tveir starfsmenn fóru á námskeið hjá Unicef.

Starfsmaður fór á lærdómssamfélag um leikinn

Leikskólastjóri og aðstoðarstjóri fóru á lærdómssamfélag leikskólastjóra

Starfsmaður fór á Fagnámskeið 1, fyrir starfsfólk leikskóla

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Leikskólinn er ungubarnaleikskóli og er ekki í samstarfi við grunnskóla eða frístundamiðstöðvar. Börnin flytjast á hverfisleikskóla árið sem þau verða þriggja ára. Ef einhver tilvik eru þess eðlis að umsögn þarf að fylgja barninu þá erum við í góðu samstarfi við móttöku leikskóla þess barns.

8 Foreldrasamvinna

Ekkert foreldrafélag hefur starfað í leikskólanum frá opnun. Á haustfundi með foreldrum óskum við eftir foreldrum í foreldrafélag og foreldraráð, en það er lögbundið og skylda í öllum leikskólum að hafa starfandi foreldraráð. Á fundinum segir leikskólastjóri frá leikskólanum og því sem framundan er yfir veturinn. Því næst bjóða deildarstjórar foreldrum inn á deild, starfsfólk kynnir sig og deildarstjóri segir frá því sem fram fer í daglegu starfi.

Foreldrasamstarf hefur verið með ágætum. Við höldum jólaball og buðum foreldrum að vera með. Í febrúar á degi leikskólans höfum við verið með opið hús og boðið fjölskyldum barnanna að koma og taka þátt í leik barna sinna í lok dags. Því miður var það ekki hægt þetta árið vegna veðurs. Við kláruðum skólaárið með sumarhátíð, hún var einföld í sniðum en heppnaðist vel og fóru starfsfólk, foreldrar og börn ánægð í sumarfrí.

Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir skólaárið.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 2025-2026

3. október - Starfsandi á vinnustað (fyrirlestur)

24. nóvember - Leikurinn sem kennsluaðferð

2. janúar - Endurmat

6. febrúar - Dagur leikskólans, ráðstefna

30. apríl - Skólanámskrá

5. júní - Leikskólaheimsókn (hálfur dagur, e.h.)

10. júlí - Unnið á deildum - (hálfur dagur, e.h.)

10 Fylgiskjöl

Leikskóladagatal

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025

Ungbarnaleikskólinn Bríetartún og Hallgerðargata

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Emilía Madeleine Heenen

Jóhanna Hreinsdóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og

þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.

- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: **Briet / Hallgerður**

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1	F		1 M	1 M		1 L		1 M	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagar	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 M	
2	L		2 Þ	2 F		2 S		2 Þ		2 F	skipulagsdagur	2 M		2 M		2 F	Skrírdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3	S		3 M	3 F	skipulagsdagur	3 M		3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4	M	Fridagur verslunarmar	4 F	4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5	Þ		5 F	5 S		5 M		5 F		5 M		5 F		5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F	skipulagsdagur, e.h.	5 S	
6	M		6 L	6 M		6 F		6 L		6 Þ	Brettándinn	6 F	Dagur leikskólans/ skipulagsdagur	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	
7	F		7 S	7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskólans	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sómannadagurinn	7 Þ	
8	F		8 M	8 M	Dagur læsis	8 L	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	
9	L		9 Þ	9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M	Foreldraviðtöl	9 F		9 L		9 Þ		9 F	
10	S		10 M	10 F		10 M	Foreldraviðtöl eldri barna	10 M		10 L		10 Þ		10 Þ	Foreldraviðtöl	10 F		10 S		10 M	Skólaslit grunnskóla	10 F	skipulagsdagur, e.h.
11	M		11 F	11 L		11 Þ	Foreldraviðtöl eldri barna	11 F		11 S		11 M	Dagur íslenska táknmálsins	11 M	Foreldraviðtöl	11 L		11 M		11 F		11 L	
12	Þ		12 F	12 S		12 M	Foreldraviðtöl eldri barna	12 F	Jólaþeysudagur	12 M		12 F		12 F	Foreldraviðtöl	12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13	M		13 L	13 M		13 F	Foreldraviðtöl eldri barna	13 L		13 Þ		13 F		13 F	Foreldraviðtöl	13 M		13 M		13 L		13 M	Sumarfrí
14	F		14 S	14 Þ	kynningakvöld fyrir foreldra	14 F		14 S		14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðinna	14 Þ		14 F	Uppstigningardagur	14 S		14 Þ	Sumarfrí
15	F		15 M	15 M	kynningakvöld fyrir foreldra	15 L		15 M		15 F		15 S		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	Sumarfrí
16	L		16 Þ	16 F	Dagur íslenskrar nátt	16 S	kynningakvöld fyrir foreldra	16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ	Jólaball Briet	16 F		16 M	Bolludagur	16 M	Foreldraviðtöl	16 F		16 L		16 F	Sumarfrí
17	S		17 M	17 F		17 M		17 M	Jólaball Hallgerður	17 L		17 Þ	Sprengidagur	17 Þ	Foreldraviðtöl	17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	Sumarfrí
18	M		18 F	18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 M	Öskudagur	18 M	Foreldraviðtöl	18 L		18 M		18 F		18 L	
19	Þ		19 F	19 S		19 M		19 F		19 M		19 F	Skráningardagar	19 F	Foreldraviðtöl	19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20	M		20 L	20 M		20 F	Dagur mannréttinda	20 L		20 Þ		20 F	Skráningardagar	20 F	Foreldraviðtöl	20 M		20 M		20 L		20 M	Sumarfrí
21	F		21 S	21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	Sumarfrí
22	F	Skólasetning grunnskóla	22 M	22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Konudagur - upphaf	22 S		22 M		22 F	Umhverfisdagur	22 M		22 M	Sumarfrí
23	L		23 Þ	23 F		23 S		23 Þ	Þorláksmessa	23 F	Böndadagur - upphaf Þorra	23 M		23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ	Heimsókn nýrra foreldra	23 F	Sumarfrí
24	S		24 M	24 F	Skráningardagur	24 M	Skipulagsdagur	24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F		24 S	Hvítasunnudagur	24 M	Heimsókn nýrra foreldra	24 F	Sumarfrí
25	M		25 F	25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F	Heimsókn nýrra foreldra	25 L	
26	Þ		26 F	26 S		26 M		26 F	Annar í jólum	26 M		26 F		26 F		26 S		26 Þ		26 F		26 S	
27	M		27 L	27 M	Skráningardagur	27 F		27 L		27 Þ		27 F		27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	Sumarfrí
28	F		28 S	28 Þ	Skráningardagur	28 F		28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	Sumarfrí
29	F		29 M	29 M		29 L		29 M	Skráningardagur	29 F				29 S	Pálmisunnudagur	29 M		29 F		29 M		29 M	Sumarfrí
30	L		30 Þ	30 F		30 S		30 Þ	Skráningardagur	30 F				30 M	Skráningardagur	30 F	Skipulagsdagur	30 L		30 Þ		30 F	Sumarfrí
31	S			31 F	Náttfata-og bangsaball			31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ	Skráningardagur			31 S				31 F	Sumarfrí

Í reglum um leikskólalátnöfn segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.